



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingar um flutning nemenda á milli grunnskóla án þess að lögheimili sé breytt

Á fundi skóla- og frístundaráðs 8. apríl 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar:

*Óskað er eftir tölulegum upplýsingum um hve mörg börn hafa sótt um flutning úr sínum skóla, án þess að lögheimili sé flutt, yfir í skóla innan síns hverfis eða póstnúmers eða sækja um flutning í skóla sem staðsettur er í öðrum hverfishluta, öðru póstnúmeri án þess að lögheimili sé flutt síðustu fimm árin. Óskað er eftir að svarið aðgreinist eftir þremur aldursbilum, 1.-4. bekk, 5.-7. Bekk og síðan í 8.-10. bekk, eftir nafni skólans sem farið er úr, eftir nafni skólans sem sótt er um eftir póstnúmeri. Óskað er eftir upplýsingum um fjölda barna sem fá samþykka breytta skólavist og hversu mörgum börnum er synjað. Í þeim tilfellum sem barni er hafnað um skólavist, á hvað grundvelli er umsókninni hafnað. Er einhver eftirfylgni með þeim börnum sem er hafnað um skólavist?*

Greinargerð fylgdi.

#### Svar:

##### Samantekt

Þegar nemendaskrár fyrir skólaárin 2018-2019 til 2022-2023 eru skoðaðar kemur í ljós að rúmlega 7% nemenda voru ekki í sama skóla og þeir höfðu verið í árið áður, á árunum 2018-2022 eða 942-986 börn á ári. Hlutfallið var lægra á milli skólaáranna 2021-2022 og 2022-2023 eða 5,9% nemenda. Stór hluti nemanda sem fer úr skólum í Reykjavík fer í skóla utan Reykjavík eða flytur erlendis. Á bilinu 41-49% grunnskólanemenda sem skiptu um skóla á milli ára tímabilið 2018-2022, skiptu ekki um lögheimili. Hlutfallið fór upp í 57,9% á milli árunna 2022 og 2023. Hlutfall nemenda sem er með sama lögheimili þrátt fyrir skólaskipti, er á bilinu 54-61% árin 2018-2022 en er mikið hærra eða 79% á milli árunna 2022-2023. Börn á yngsta stigi er öll árin áberandi stærsti hópurinn þegar kemur að skólaskiptum þar sem lögheimilisbreyting á sér einnig stað. Nemendur á unglingastigi er hinsvegar stærsti hópurinn að meðaltali tímabilið 2018-2023, þegar kemur að nemendum sem skipta um skóla en ekki um lögheimili. Þegar nemendur skiptu um skóla innan Reykjavíkur á tímabilinu 2018-2023, fóru þeir í skóla í öðrum borgarhluta í meira en helmingi tilvika öll árin 5 sem hér eru til skoðunar. Skv. tölum úr innritunarkerfinu Bjargeyju hafa á árunum 2022-2024 samtals 27 skólar hafnað samtals 121 umsókn um skólavist.

Samkvæmt gildandi reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar eiga nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfisskóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda. Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögættar ástæður. Í þeim tilvikum



Þar sem umsókn er hafnað á þeim forsendum að húsnæði hamlar á skólastjóri að tilkynna foreldrum það skriflega og jafnframt upplýsa foreldra um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Ef um aðrar lögmætar ástæður er að ræða verður skólastjóri að upplýsa foreldri um hverjar þær ástæður eru þegar umsókn er hafnað og jafnframt gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun innan tveggja vikna. Ef umsókn er hafnað að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum á skólastjóri að tilkynna foreldrum skriflega um synjunina innan tveggja vikna með rökstuðningi fyrir ákvörðuninni og foreldrar um leið upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Fagskrifstofa grunnskólamála hefur reglulega ítrekað við skólastjóra grunnskólanna að fylgja settum reglum í þeim tilvikum sem þeir taka ákvörðun um að synja umsókn um skólavist vegna nemandar með lögheimili utan skólahverfis. Unnið er samkvæmt ofangreindum reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar en vert er að taka fram að í hverju tilviki er málið skoðað sérstaklega með hagsmunum nemandans að leiðarljósi.

### *Sundurgreindar upplýsingar*

#### *1. Fjöldi nemenda sem skipta um skóla á ári.*

- Útgangspunktur var tekinn í nemendagrunni frá lokum skólaárs 2017-2018, þ.e. vor 2018, og athugað hversu mörg 1. – 9. bekkinga þess vors, höfðu skipt um skóla í lok skólaárs 2018-2019, þ.e. vor 2019. Og síðan koll af kolli til vorsins 2023. Fyrir kemur að nemendur skipti um skóla tvisvar á sama skólaári og telur slíkt því ekki í þessari talningu hér. Þetta er hinsvegar mjög sjaldgæft og myndi ekki breyta stóru myndinni hér nema mjög lítillega.
- Mengið eru allir grunnskólanemendur í skólum í Reykjavík, borgarreknum og sjálfstætt reknum. Klettaskóli er eingöngu með þegar nemendur hafa farið úr öðrum skóla í Reykjavík yfir í Klettaskóla, en ekki öfugt.
- Skólaskipti eru öll skipti á skólum, t.d. innan Reykjavíkur, út úr Reykjavík í önnur sveitarfélög, og út úr Reykjavík til útlanda. Ekki er um skólaskipti að ræða í ofangreindum skilningi, þegar um eðlilegan flutning er að ræða eins og t.d. þegar börn fara úr Engjaskóla í Víkurskóla eða þegar börn klára sjálfstætt rekinn grunnskóla sem t.d. nær ekki nema upp í 4. bekk.

Í töflu A sést að rúmlega 7% nemendahópsins í grunnskólum í Reykjavík, sem hélt áfram í grunnskóla árið eftir, hafði skipt um skóla á árunum 2018-2022. Af u.þ.b. 13.000-13.700 barna hópum eru þetta á bilinu 942-986 börn á ári. Hlutfallið féll hins vegar niður í 5,9% á milli áranna 2022 og 2023 og fór nemendafjöldinn þá sem fór á milli skóla niður fyrir 800.



**Tafla A. Fjöldi og hlutfall grunnskólanemenda sem skipta um skóla á milli skólaára, tímabilið 2018-2023**

Tímabil	Fjöldi	Hlutfall
Vor 18 til vors 19	942	7,2%
Vor 19 til vors 20	976	7,2%
Vor 20 til vors 21	966	7,1%
Vor 21 til vors 22	986	7,2%
Vor 22 til vors 23	793	5,9%
Meðaltal	933	6,9%

*2. Úr hvaða skólum skiptu nemendur og í hvaða skóla skiptu þeir.*

Í töflu B<sup>1</sup> má sjá fjölda nemenda sem skiptu úr tilteknum skólum í Reykjavík tímabilið 2018-2023 og í töflu C má sjá fjölda nemenda eftir skólum og árum sem skiptu í tiltekna skóla, tímabilið 2018-2023. Dreifingin er mikil og mikilvægt að hafa í huga að skólarnir eru misfjöldmennir. Þá má sjá neðst í töflu C að stór hluti nemanda sem fer úr skólum í Reykjavík fer í skóla utan Reykjavík eða flytur erlendis.

**Tafla B. Fjöldi nemenda eftir skólum og árum, sem nemendur skiptu úr tímabilið 2018-2023**

	Vor 18 til vors 19	Vor 19 til vors 20	Vor 20 til vors 21	Vor 21 til vors 22	Vor 22 til vors 23	Samtals
Austurbæjarskóli	32	52	33	30	34	181
Álftamýrarskóli				26	33	59
Árbæjarskóli	39	15	28	39	29	150
Ártúnsskóli	9	4	10	14	12	49
Barnaskóli Hjallastefnu,Rvk	16	15	18	16	25	90
Borgaskóli				31	17	48
Breiðagerðisskóli	24	16	26	32	12	110
Breiðholtsskóli	33	30	32	25	30	150
Brúarskóli	23	15	10	14	7	69
Dalskóli	18	33	22	12	19	104
Engjaskóli				16	13	29
Fellaskóli	28	32	15	28	27	130
Foldaskóli	31	25	18	26	14	114
Fossvogsskóli	35	18	8	32	6	99
Grandaskóli	18	18	35	27	14	112
Hagaskóli	21	15	8	11	22	77
Hamraskóli	11	17	20	32	16	96
Háaleitisskóli	42	34	56			132
Háteigsskóli	36	40	40	22	25	163
Hlíðaskóli	21	28	21	33	20	123
Hólabrekkuskóli	42	41	41	37	32	193
Húsaskóli	6	14	19	13	0	52
Hvassaleitisskóli				17	9	26
Ingunnarskóli	16	16	17	24	22	95
Kelduskóli	19	19	22			60
Klébergsskóli	10	10	9	13	4	46
Landakotsskóli	26	35	25	23	36	145
Langholtsskóli	25	35	46	32	15	153
Laugalækjarskóli	14	15	7	13	5	54
Laugarnesskóli	20	28	32	27	25	132
Melaskóli	42	42	35	51	31	201
Norðlingaskóli	33	40	30	23	36	162
Réttarholtsskóli	15	8	10	8	4	45
Rimaskóli	31	31	43	35	18	158
Selásskóli	11	12	22	16	11	72
Seljaskóli	31	43	39	37	33	183
Skóli Ísaks Jónssonar	20	17	15	16	22	90
Suðurlíðarskóli	9	7	1	6	5	28
Sæmundarskóli	26	32	28	23	16	125
Tjarnarskóli	3	6	2	3	4	18
Vesturbæjarskóli	20	21	30	30	22	123
Víkurskóli				8	6	14
Vogaskóli	20	32	13	21	25	111
Vættaskóli	39	28	42			109
Waldorfskólinn Sólstafir	2	14	8	8	12	44
Ölduselsskóli	25	23	30	36	25	139
<b>Samtals</b>	<b>942</b>	<b>976</b>	<b>966</b>	<b>986</b>	<b>793</b>	<b>4663</b>

**Tafla C. Fjöldi nemenda eftir skólum og árum, sem skiptu í tiltekna grunnskóla, tímabilið 2018-2023**

	Vor 18 til vors 19	Vor 19 til vors 20	Vor 20 til vors 21	Vor 21 til vors 22	Vor 22 til vors 23	Samtals
Austurbæjarskóli	14	14	13	13	8	62
Álftamýrarskóli			11	17	9	37
Árbæjarskóli	11	19	12	19	21	82
Ártúnsskóli	3	2	3	2	7	17
Barnaskóli Hjallastefnu, Rvk	3	9	7	5	5	29
Borgaskóli			8	5	6	19
Breiðagerðisskóli	16	7	7	13	10	53
Breiðholtsskóli	12	16	5	23	13	69
Brúarskóli	11	13	10	11	9	54
Dalskóli	19	26	37	27	21	130
Engjaskóli			8	13	2	23
Fellaskóli	9	10	14	19	7	59
Foldaskóli	20	9	20	6	8	63
Fossvogsskóli	7	7	16	8	10	48
Grandaskóli	10	7	10	2	5	34
Hagaskóli	12	15	12	13	11	63
Hamraskóli	6	4	6	4	9	29
Háaleitisskóli	16	18				34
Háteigsskóli	12	19	15	22	16	84
Hlíðaskóli	13	10	13	10	9	55
Hólabrekkuskóli	11	17	18	13	14	73
Húsaskóli	7	8	6	8	5	34
Hvassaleitisskóli			11	22	7	40
Ingunnaraskóli	9	13	17	7	14	60
Kelduskóli	7	9				16
Klettaskóli		1	1	4	3	9
Klébergsskóli	0	3	0	0	3	6
Landakotsskóli	15	12	10	24	11	72
Langholtsskóli	27	14	20	16	15	92
Laugalækjarskóli	5	5	7	5	17	39
Laugarnesskóli	12	16	10	9	5	52
Melaskóli	10	14	17	16	13	70
Norðlingaskóli	14	13	12	14	9	62
Réttarholtsskóli	17	12	11	12	13	65
Rimaskóli	13	19	13	11	9	65
Selásskóli	4	11	5	8	2	30
Seljaskóli	18	22	16	23	21	100
Skóli Ísaks Jónssonar	6	4	4	6	3	23
Suðurhlíðarskóli	5	4	14	7	8	38
Sæmundarskóli	13	13	15	11	15	67
Tjarnarskóli	16	18	10	18	15	77
Vesturbæjarskóli	14	7	6	6	5	38
Víkurskóli			13	3	7	23
Vogaskóli	10	18	18	19	7	72
Vættaskóli	13	23				36
Waldorfskólinn Sólstafr	3	3	5	7	8	26
Ölduselsskóli	14	29	16	20	19	98
Almennir skólar utan Reykjavíkur	325	308	353	298	196	1480
Sjálfstætt reknir skólar utan Rvk	4	13	19	20	29	85
Sérskólar utan Reykjavíkur	0	0	0	1	0	1
Erlendis	145	133	84	134	121	617
Ótilgreint skólavist	11	9	8	12	13	53



## 3. Skólaskipti og lögheimilisbreytingar.

Tafla D sýna að á bilinu 41-49% grunnskólanemenda sem skiptu um skóla á milli ára tímabilið 2018-2022, skiptu ekki um lögheimili. Hlutfallið fór upp í 57,9% á milli árunna 2022 og 2023. Tilvikin voru þó álíka mörg á milli árunna 2022 og 2023 og tilvik annarra ára tímabilið 2018-2022. Hér þarf að hafa í huga að mörg börn búa á tveimur heimilum þótt það sé aðeins með eitt skráð lögheimili.

**Tafla D. Fjöldi og hlutfall nemenda sem skipta um skóla eftir því hvort þau skiptu um lögheimili eða ekki**

Tímabil	Fjöldi skólaskipta	Skipt um lögheimili	Sama lögheimili	Hlutfall nemenda með sama lögheimili
Vor 18 til vors 19	942	495	447	47,5%
Vor 19 til vors 20	976	531	445	45,6%
Vor 20 til vors 21	966	570	396	41,0%
Vor 21 til vors 22	986	504	482	48,9%
Vor 22 til vors 23	793	334	459	57,9%
Meðaltal	933	487	446	48,2%

Tafla E sýnir sömu þætti og tafla D nema að hér er eingöngu horft til þeirra nemenda sem skiptu um skóla innan Reykjavíkur. Þar sést að hlutfall nemenda sem er með sama lögheimili þrátt fyrir skólaskipti, er á bilinu 54-61% árin 2018-2022 en er mikið hærra eða 79% á milli árunna 2022-2023.

**Tafla E. Fjöldi og hlutfall nemenda sem skipta um skóla innan Reykjavíkur, eftir því hvort þau skiptu um lögheimili eða ekki**

Tímabil	Fjöldi skólaskipta á milli skóla í Reykjavík	Skipt um lögheimili	Sama lögheimili	Hlutfall nemenda með sama lögheimili
Vor 18 til vors 19	457	190	267	58,4%
Vor 19 til vors 20	513	210	303	59,1%
Vor 20 til vors 21	502	233	269	53,6%
Vor 21 til vors 22	521	205	316	60,7%
Vor 22 til vors 23	434	91	343	79,0%
Meðaltal	485	186	300	62,2%

Í töflu F má sjá sama hóp og í töflu E en hér eru nemendur líka greindir eftir því á hvaða skólastigum skiptin áttu sér stað. Í töflu G er eru sömu þættir greindir og í töflu F nema í hlutföllum. Í töflunum sést að börn á yngsta stigi er öll árin áberandi stærsti hópurinn þegar kemur að skólaskiptum þar sem lögheimilisbreyting á sér einnig stað. Nemendur á unglingastigi er hinsvegar stærsti hópurinn að meðaltali tímabilið 2018-2023, þegar kemur að nemendum sem skipta um skóla en ekki um lögheimili.

**Tafla F. Fjöldi nemenda sem skipta um skóla innan Reykjavíkur, eftir því hvort þau skiptu um lögheimili eða ekki og eftir skólastigum.**

Tímabil	Fjöldi skólaskipta á milli skóla í Reykjavík þar sem skipt er um lögheimili	Unglinga stig			Fjöldi skólaskipta á milli skóla í Reykjavík þar sem lögheimili er hið sama	Unglinga stig		
		Yngsta stig	Miðstig	stig		Yngsta stig	Miðstig	stig
Vor 18 til vors 19	190	87	62	41	267	88	84	95
Vor 19 til vors 20	210	107	73	30	303	87	101	115
Vor 20 til vors 21	233	105	83	45	269	88	98	83
Vor 21 til vors 22	205	97	75	33	316	91	109	116
Vor 22 til vors 23	91	39	30	22	343	106	115	122
Meðaltal	186	87	65	34	300	92	101	106

**Tafla G. Fjöldi nemenda sem skipta um skóla innan Reykjavíkur, eftir því hvort þau skiptu um lögheimili eða ekki og eftir skólastigum.**

Tímabil	Fjöldi skólaskipta á milli skóla í Reykjavík þar sem skipt er um lögheimili	Unglinga stig			Fjöldi skólaskipta á milli skóla í Reykjavík þar sem lögheimili er hið sama	Unglinga stig		
		Yngsta stig	Miðstig	stig		Yngsta stig	Miðstig	stig
Vor 18 til vors 19	190	45,8%	32,6%	21,6%	267	33,0%	31,5%	35,6%
Vor 19 til vors 20	210	51,0%	34,8%	14,3%	303	28,7%	33,3%	38,0%
Vor 20 til vors 21	233	45,1%	35,6%	19,3%	269	32,7%	36,4%	30,9%
Vor 21 til vors 22	205	47,3%	36,6%	16,1%	316	28,8%	34,5%	36,7%
Vor 22 til vors 23	91	42,9%	33,0%	24,2%	343	30,9%	33,5%	35,6%
Meðaltal	186	46,4%	34,5%	19,1%	300	30,8%	33,8%	35,3%

#### 4. Skólaskipti og borgarhlutar

Þegar nemendur skiptu um skóla innan Reykjavíkur á tímabilinu 2018-2023, fóru þeir í skóla í öðrum borgarhluta í meira en helmingi tilvika öll árin 5 sem hér eru til skoðunar. Hér þarf sérstaklega að hafa í huga að flytji nemandi sig í sjálfstætt rekinn skóla í almennan skóla eða öfugt, eru töluverðar líkur á því að nemandinn færi sig á milli borgarhluta enda eru allir sjálfstætt reknu skólarnir nema einn í Vesturmiðstöð. Nemendafjöldann og hlutföllin er að finna í töflu H.

**Tafla H. Fjöldi og hlutfall nemenda sem skipta um skóla í Reykjavík og fara í skóla í öðrum borgarhluta.**

Tímabil	Fjöldi skólaskipta á milli skóla í Reykjavík	Fjöldi nemenda sem skipta um skóla í Reykjavík en fara í skóla í öðrum borgarhluta	Hlutfall nemenda sem skipta um skóla innan Reykjavíkur en fara í skóla í öðrum borgarhluta
Vor 18 til vors 19	457	268	58,6%
Vor 19 til vors 20	513	295	57,5%
Vor 20 til vors 21	502	290	57,8%
Vor 21 til vors 22	521	299	57,4%
Vor 22 til vors 23	434	240	55,3%
Meðaltal	485	278	57,3%

### 5. Fjöldi hafnana

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um skólahverfi, umsókn og innritun grunnskóla Reykjavíkurborgar eiga foreldrar kost á að sækja um skóla fyrir börn sín hvar sem er í borginni skv. reglum. Nemendur með lögheimili í tilteknu skólahverfi eiga afdráttarlausan rétt á skólavist í hverfis-skóla og því forgang, ef skóli þarf að takmarka nemendafjölda. Skóli tekur inn nemendur utan skólahverfis nema húsnæði hamli eða aðrar lögmætar ástæður. Við meðferð umsókna skal farið að ákvæðum laga um grunnskóla nr. 91/2008 og stjórnslulaga nr. 37/1993. Í þeim tilvikum þar sem umsókn er hafnað á þeim forsendum að húsnæði hamlar á skólastjóri að tilkynna foreldrum það skriflega og jafnframt upplýsa foreldra um kærurétt. Ef um aðrar lögmætar ástæður er að ræða verður skólastjóri að upplýsa foreldri um hverjar þær ástæður eru þegar umsókn er hafnað og jafnframt gefa foreldrum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun innan tveggja vikna. Ef umsókn er hafnað að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum á skólastjóri að tilkynna foreldrum skriflega um synjunina innan tveggja vikna með rökstuðningi fyrir ákvörðuninni og foreldrar um leið upplýstir um kærurétt skv. 47. gr. grunnskólalaga. Hafni grunnskóli inntöku nemanda í skóla utan skólahverfis verður barn sjálfkrafa skráð án umsóknar í hverfis-skóla út frá lögheimili í Reykjavík. Vilji foreldrar ekki una þeirri skráningu geta þeir sótt um nýjan grunnskóla á Mínum síðum Reykjavíkurborgar. Framangreint á eingöngu við um innritun nemenda í 1. bekk en ekki þegar sótt er um flutning á milli grunnskóla Reykjavíkurborgar eða nýjan grunnskóla fyrir þau sem ekki eru með lögheimili í Reykjavík. Fagskrifstofa grunnskólamála hefur reglulega ítrekað við skólastjóra grunnskólanna að fylgja settum reglum í þeim tilvikum sem þeir taka ákvörðun um að synja umsókn um skólavist vegna nemanda með lögheimili utan skólahverfis.

Unnið er samkvæmt ofangreindum reglum um skólahverfi, umsókn og innritun í grunnskóla Reykjavíkurborgar en vert er að taka fram að í hverju tilviki er málið skoðað sérstaklega með hagsmuni nemandans að leiðarljósi.

Það er hlutverk þess skóla sem barnið er skráð í að tryggja að skólaskyldu sé sinnt og að tryggja farsæld þess nemanda sem mögulega fær synjun um skólavist í skóla utan skólahverfis.

Skrifstofa skóla- og frístundasviðs hefur ekki yfir að miðlægar upplýsingar um fjölda hafnana grunnskólaumsókna nema frá stofnun innritunarkerfisins Bjargeyjar sem var snemma árs 2022. Skv. tölum úr kerfinu hafa á árunum 2022-2024 samtals 27 skólar hafnað samtals 121 umsókn. Ástæður umsókna liggja ekki fyrir. Í töflu K<sup>2</sup> má sjá fjölda hafnanna eftir skólum og skólastigum. Alltaf er um utanhverfisumsóknir að ræða enda skólum óheimilt að hafna umsóknum barna sem eru með lögheimili í skólahverfi tiltekins skóla, sbr. það sem fram kemur hér að framan.





Tafla K. Fjöldi hafnana árin 2022-2024 eftir skólum og skólastigum.

Skóli	Yngsta stig	Miðstig	Unglingastig	Samtals
Austurbæjarskóli	1		1	2
Álftamýrarskóli			3	3
Árbæjarskóli		3	6	9
Ártúnsskóli	1			1
Breiðagerðisskóli	1			1
Breiðholtsskóli	1	2	1	4
Dalskóli			1	1
Engjaskóli		1		1
Fellaskóli			1	1
Grandaskóli	1	2		3
Hamraskóli	1			1
Háteigsskóli	2	3	5	10
Hlíðaskóli	1	4	1	6
Hólabrekkuskóli	3	1	2	6
Húsaskóli		2		2
Ingunnarskóli		2	2	4
Langholtsskóli			2	2
Laugalækjarskóli		3	10	13
Laugarnesskóli	1	2		3
Norðlingaskóli	2		2	4
Réttarholtsskóli			11	11
Rimaskóli			1	1
Selásskóli		2		2
Seljaskóli	3	3	4	10
Sæmundarskóli	1	1	2	4
Vogaskóli	2	2	3	7
Ölduselsskóli	2	4	3	9
<b>Samtals</b>	<b>23</b>	<b>37</b>	<b>61</b>	<b>121</b>